

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli  
á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. ágúst s.l.  
til 30. september 1985.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 30. ágúst s.l. til 1. september 1985:

Loðnumjöl . . . . .	US \$ 5,30 pr. próteineiningu í lest
Loðnulýsi . . . . .	US \$ 320,00 pr. lest

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum skulu nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðið miðast við cif og gerist upp á viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. ágúst 1985.*

F. h. r.  
**Árni Kolbeinsson.**

*Sigurður P. Sigmundsson.*

1. ágúst 1985

Nr. 331

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 386/1973  
um Hitaveitu Hvammstanga.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist þannig:

Reglugerð þessi gildir í Hvammstangahreppi og einnig gagnvart þeim bæjum og notendum er fá heitt vatn úr aðveituað veitunnar í Ytri-Torfustadahreppi og Kirkjuhvammshreppi.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist þannig:

Hitaveita Hvammstanga hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni í Hvammstangahreppi og einnig á því svæði er hún nær yfir samkvæmt 1. grein.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps staðfestist hér með samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 1. ágúst 1985.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*